

Fulltrúaráðsfundur
10.apríl 2013 kl.20.00
Í húsnæði HRFI Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti 26.mars sl.

Mættir voru 32 fulltrúar frá stjórn og öllum deildum nema: Ensk cocker spaniel -, Fjár og hjarðhunda-, Spaniel-, Terrier -, Boxer-, PMF-, St.Bernards-, Am cocker spaniel- , Spitzhunda-, Yorkshire terrier-, Huskydeild og Svæðafélags norðurlands.

Dagskrá:

1. Stefnumótun
2. Fjárhagsáætlun
3. Kynning frá skrifstofu
3. Önnur mál

Jóna Th. Viðarsdóttir bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá, en vegna óviðráðanlegra aðstæðna þá varð að fresta lið 2. kynning á fjárhagsáætlun til næsta fundar sem er áætlaður 8.maí nk.

1. Guðmundur A Guðmundsson kynnti vinnu stefnumótunarteymis á skjávarpa, fór hann yfir hvernig vinna teymisins byrjaði og helstu niðurstöður (meðfylgjandi er hans kynning). Hann kynnti jafnframt að nýr stefnumótardagur með tveimur aðilum frá öllum deildum er áætlaður sunnudaginn 21.apríl nk á skrifstofu HRFI frá kl.10.00-15.00, stjórnir deilda fá sent fundarboð í tölvupósti. Boðið verður uppá léttar veitingar.
2. Frestað
3. Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri sagði frá helstu breytingum á skrifstofu og hvað væri framundan hjá félaginu:
 - Frá og með 10.apríl mun skrifstofa Hundaræktarfélagsins verða opin alla virka daga frá kl.10.00-15.00, starfsmaður skrifstofu Kristlaug Elín (Dóttla) er komin úr barneignafríi, hún kemur inn í 60% starf og er vinnutími hennar aðeins á opnunartíma skrifstofu.
 - Sumarsýning Hundaræktarfélags Íslands verður haldin helgina 25. - 26. maí 2013 í Reykjavík, boðið verður uppá augnskoðun á sama tíma. Eðlilegum skráningafresti lýkur föstudaginn 26. apríl 2013 kl. 15:00. - Eftir þann tíma verður boðið uppá að skrá á sýninguna til föstudagsins 3.maí gegn 750.kr viðbótargjaldi á hund, ekki er gefin neinn afsláttur af þessu gjaldi og sama gjald gildir á alla flokka (hvolpa, öldung, ungliða, unghunda ofl.) Þeir hundar sem verða besti hundur tegundar (BOB) eða annar besti hundur tegundar (BOS) í sinni tegund á þessari sýningu fá titilinn RW-13 skráð fyrir framan nafn hundsins í ættbók og geta jafnframt fengið viðurkenningaskjal þess efnis keypt eftir sýninguna.

Almenn ánægja var með þessar breytingar frá fundarmönnum og nokkrar umræður fóru af stað.

- Gjaldskrá skrifstofu vegna deildasýninga var kynnt og ný gerð af rósettum. Smávegis umræða varð um gjaldskrána og eins komu upp hugmyndir að prufa jafnvel að vera með fleiri gerðir af rósettum til sölu.
- Aðalfundur félagsins verður haldin að Grand hótél 29.maí nk. Í framboði eru eftirtaldir:
 Jóna Th. Viðarsdóttir til endurkjörs í formannskjöri
 Arinbjörn Friðriksson í stjórn
 Herdís Hallmarsdóttir í stjórn
 Brynja Tomer í varastjórn, til vara í aðalstjórn
- Samkvæmt lögum HRFÍ skulu ræktunardeildir halda ársfund í mars, ennþá vantar upplýsingar um fundi frá nokkrum deildum og eins hafa nokkrar deildir sem nú þegar hafa haldið fund ekki sent inn árskýrslu eða rekstrarreikninga.
- Kynnt var sú hugmynd að hafa opið hús fyrir félagsmenn á 6-8 vikna fresti á skrifstofunni, seinnipart dags. Hugmyndin er að félagsmenn gætu komið saman og spjallað og jafnvel væri hægt að fá fyrirlesara. Delia óskaði eftir hugmyndum frá félagsmönnum., en almennur áhugi virtist meðal fundarmanna með þessa hugmynd.

4. Önnur mál

- Tífbetspaniel deild kom með fyrirspurn á allar deildir hvaða kröfur ræktunardeildir geri í sambandi við sýningarárangur fyrir pörun, hvort almennt deildir væru með einhverjar kröfur og þá hverjar. Deildirnar sem voru á fundinum gáfu upplýsingar um hvernig þessu er háttað hjá sinni deild.
- Brynja Tomer tilkynnti að smáhundadeild hafi fjárfest í litlum skjávarpa sem deildir geta fengið leigðan hjá þeim gegn vægu gjaldi.
- Fyrirspurn kom frá fuglahundadeild um hvort nauðsynlegt væri að nota þau viðurkenningarskjöl sem notuð hafa verið hingað til fyrir meistaraskjöl, þeir mundi frekar vilja sjá veiðuhund framan á sínum skjölum í stað íslenska fjárhundsins sem er núna notaður. Ólafur E.Jóhannsson tilkynnti að hann mundi taka málið upp á stjórnafundi.

Fundi slitið um kl.21.15